

Skráning upplýsinga á verðbréf

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur með síðari breytingum er skylt, eftir 1. janúar 1997, að skrá upplýsingar á verðbréf þegar þau eru seld eða afhent sem greiðsla. Þetta á við um sölu á hvers konar verðbréfum, þar með töldum víxlum, og skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort um er að ræða kröfu til lengri eða skemmri tíma. Það þarf að skrá upplýsingar á öll verðbréf jafnvel þótt um sé að ræða viðskipti við eða á milli aðila sem undanþegnir eru greiðslu skatts á fjármagnstekjur.

1 Hvaða upplýsingar á að skrá á verðbréfið?

Við eigendaskipti á verðbréfum skal skrá á þau söluverð (kaupverð í hendi kaupanda) ásamt nafni seljanda, kennitölu hans og dagsetningu. Þetta er mjög brýnt til að tryggja að hver og einn greiði einungis skatt af þeim vaxtatekjum sem myndast á eignarhaldstíma hans.

2. Skilgreining á kaupverði og söluverði verðbréfa

Við ákvörðun á stofni til staðgreiðslu skal taka tillit til umsýsluþóknana vegna kaupa og sölu verðbréfa.

2.1 Kaupverð

Með kaupverði í þessu sambandi er því átt við kaupverð verðbréfsins að viðbættri umsýsluþóknun vegna kaupanna ef um hana er að ræða. Kaupverð skuldaviðurkenninga, þ.m.t. húsbréfa, sem eru hluti af greiðslu söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi, skal skráð samkvæmt ákvæðum í kaupsamningum sem liggja að baki viðskiptunum.

2.2 Söluverð

Með söluverði er í þessu sambandi átt við söluandvirði verðbréfsins að frádregnum sölukostnaði og/eda umsýsluþóknun vegna sölunnar.

3. Hver annast skráningu upplýsinga

3.1 Viðskipti milli aðila sem ekki eru skilaskyldir

Seljandi verðbréfsins ber ábyrgð á því að skrá upplýsingarnar á bréfið. Honum ber að skrá á það nafn sitt og kennitölu, söludag og söluverð bréfsins. Sá sem hefur milligöngu um innheimtu verðbréfa þarf að gæta þess að þessar upplýsingarnar séu til staðar svo að hann geti fullnægt skyldum sínum um afdrátt staðgreiðslu.

Dæmi 1:

Pétur Pétursson selur Karli Karlssyni verðbréf og er söluverðið kr. 1.000.000. Pétur skráir á verðbréfið nafn sitt og kennitölu, dagsetningu sölunnar og söluverðið.

3.2 Milliganga með sölu verðbréfa

Pegar skilaskyldur aðili selur, eða hefur milligöngu um sölu verðbréfs og annast jafnframt innheimtu þess, ber honum að skrá á verðbréfið nafn og kennitölu seljanda, söludag og kaupverðið eins og það er í hendi kaupanda bréfsins, sbr. dæmið hér á eftir. Skráningarskyldu skilaskylds aðila sem hefur milligöngu um söluna telst fullnægt með því að dagsetning og söluverð séu skráð hjá honum með tryggilegum hætti í tölvu. Láti hann bréfið úr sinni vörslu áður en það er að fullu greitt skal hann skrá þessar upplýsingar á bréfið.

Dæmi 2:

Jón Jónsson fer með skuldabréf sem hann á í verðbréfafyrirtæki sem tekur að sér að selja það. Jón hafði keypt skuldabréfið á kr. 800.000 og er það kaupverð skráð á bréfið. Bréfið er selt á kr. 980.000 og tekur verðbréfafyrirtækið 2% þóknun fyrir söluna eða kr. 19.600. Söluverðið í hans hendi er því kr. 960.400. Vaxtatekjur hjá Jóni vegna þessarar sölu eru því kr. 160.400 og reiknast staðgreiðsla af þeirri fjárhæð, kr. 16.040.

Kaupandinn er Páll Pálsson og greiðir hann umsýsluþóknun vegna kaupanna, kr. 200. Kaupverðið sem verðbréfafyrirtækið skráir á skuldabréfið er því kr. 980.200. Það er kaupverðið sem verður lagt til grundvallar við útreikning á vaxtatekjum Páls af bréfinu.

Dæmi 3:

Sigurður Sigurðsson fékk hluta af söluandvirði íbúðar greiddan með fasteignaveðbréfi. Hann fer með bréfið í Veðdeild LÍ og fær því skipt fyrir húsbref. Veðdeildin skráir á hvert húsbref kaupverð þess samkvæmt ákvæðum í kaupsamningi.

4. Upphafsverð eldri skuldabréfa

Á verðbréf sem til var stofnað fyrir 1. janúar 1997 og er í innheimtu hjá skilaskyldum aðila skal skrá verðmæti bréfsins eins og það var í árslok 1996. Markaðsbref ber að skrá samkvæmt gengi sem ríkisskattstjóri gefur út*. Á önnur bréf skal skrá eftirstöðvar með áföllnum vöxtum og verðbótum

* Gengi og margföldunarstuðlar til útreiknings á upphafsverði eldri skuldabréfa munu birtast í orðsendingu ríkisskattstjóra um skatt á fjármagnstekjur nr. 2/1997.

samkvæmt ákvæðum þeirra að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs ef upplýsingar um það eru fyrir hendi. Séu upplýsingar ekki fyrir hendi og beri verðbréfið lægri nafnvexti en 5% skal við útreikning á upphafsverði styðjast við töflu með margföldunarstuðlum. Til að finna upphafsverðið er stuðlinum beitt á uppreiknað verðmæti bréfsins eins og það er í árslok 1996.

Skráningarskyldu skilaskylds aðila sem er með verðbréf í innheimtu er fullnægt með því að hann skrái upphafsverðið með tryggilegum hætti í tölvu hjá sér. Láti hann bréfið úr sinni vörslu áður en það er að fullu greitt skal hann skrá þessar upplýsingar á bréfið.

Upplýsingar og margföldunarstuðla sem nota skal við þennan útreikning lætur ríkisskattstjóri í té.

5. Skuldaviðurkenning samkvæmt kaupsamningi

Skuldaviðurkenningar sem teknar eru sem greiðsla söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi skulu metnar á uppreiknuðu verði í árslok 1996 samkvæmt skilmálum þeirra og ákvæðum í kaupsamningi sem liggja að baki viðskiptunum.

6. Ef upplýsingar vantar á verðbréfið

Séu tilskyldar upplýsingarnar ekki skráðar á verðbréf sem til er stofnað eftir 1. janúar 1997 skal við útreikning á staðgreiðslu miða við upplýsingar um síðasta framsal og ef það er ekki fyrir hendi þá upphaflegt nafnverð að teknu tilliti til afborgana til söludags samkvæmt ákvæðum bréfsins.

7. Leiðrétting að loknu staðgreiðsluári

Telji skattþegn skattstofninn of hátt ákvarðaðan og ástæðan sé sú að skráningu upplýsinga á verðbréf hafi verið ábótavant getur hann lagt fram gögn til sönnunar þeim upplýsingum sem á vantaði með skattframtali sínu, eða í greinargerð um vaxtatekjur ef ekki er um einstakling að ræða.